

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Hamrahlíð 17.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 5. desember 2019, breytingu á deiliskipulagi Stakkahlíðar á lóðinni nr. 17 við Hamrahlíð. Í breytingunni felst að byggja inndregna hæð ofan á húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Lyngháls 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. desember 2019, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Lyngháls. Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir geymslur á suður lóðarmörkum. Innan hans er heimilt að byggja geymslur á einni hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Grjótháls 7-11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 31. janúar 2020, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Grjótháls. Í breytingunni felst að hámarkshæð viðbyggingar hækkar úr 11 metrum í 15 metra. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. febrúar 2020.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. febrúar 2020